

3. Fundur Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 26. nóvember og hófst kl. 17.

Mætt eru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Vilborg Stefánsdóttir og Guðmundur Björnsson, auk Elíasar Péturssonar sveitarstjóra og Halldóru Gunnarsdóttur Norðurhjara.

1. Kynning frá Norðurhjara á starfssemi félagsins. Halldóra fór yfir verkefni, tilgang og starfssemi félagsins. Að félaginu standa 30 aðilar og eitt af aðaláherslum eru strandmenning og sveitamening. Spurningar og umræður. Halldóra yfirgefur fund.
2. Elías kynnir samstarfssamning við Þekkingarnet Þingeyinga(ÞÞ). Gréta Bergrún lýsir vanhæfi sínu til að fjalla um málið. Samingurinn snýr að vinnuframlagi sem LNB kaupir af ÞÞ í ferðaþjónustumálum, styrkumsóknum, nýsköpun og fleiri málefnum fyrir sveitarfélagið. Starfið heyrir undir sveitarstjóra. Nokkrar umræður um verkefni og verkskipan. Ákveðið að funda aftur um málið í næstu viku þar sem formaður fær inn varamann. Varaformaður boðar fund.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið 18.25